



Ágætu bæjarstjórar, fjármálastjórar
Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar

Garðabæ 20. október 2020

Á fundi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sem var haldinn 19. október s.l. var samþykkt meðfylgjandi fjárhagsáætlun fyrir heilbrigðiseftirlitið fyrir árið 2021 og tillaga að tíma- og sýnagjöldum á árinu 2021. Þurfa þau staðfestingu hjá sveitarfélögunum.

Meðfylgjandi eru gögn sem tengjast fjárhagsáætlunni, en helstu niðurstöður hennar eru eftirfarandi:

Lagt er til að tímagjald verði kr. 18.000 á árinu 2020. (hækkun um 2,5%)

Lagt er til að sýnatökugjald verði kr. 18.500 á árinu 2020. (hækkun um 2,5%)

Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnareftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.7/1998. Innheimt gjald skal ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Sama gildir um matvælaeftirlit, það skal fjármagnað á svipuðum forsendum og gilda um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Stuðst er við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands fyrir 2021 þar sem gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði jákvæður á árinu 2021. Samdráttur í landsframleiðslu á árinu 2020 hefur ekki endurspeglast í verkefnastöðu heilbrigðiseftirlitsins og eru nýskráningar fleiri ein afskráningar, það sem af er ári. Því er áætlunin í samræmi við þjóðhagsspá að því leiti að viðsnúningur verði í byrjun næsta árs, en niðurstaðan gæti þó breyst ef faraldurinn dregst á langinn. Þá eru reiknuð inn áhrif kjarasamninga sem samþykktir voru á árinu og þeirra launahækkana sem kveðið er á um á næsta ári. Til að mæta auknum launakostnaði sem er um 76% af rekstrarkostnaði heilbrigðiseftirlitsins er reiknað með að áhrif af frammistöðuflokkun fyrirtækja leiði til hagræðingar á árinu 2021 og eftirlitsáætlun lagfærð í samræmi við það.

Hundaftirlitsgjald verði kr. 15.000. (afsláttargjald kr.7.500).

Skráningargjald hunda verði fellt niður og einungis innheimt eftirlitsgjald.

Gerð er tillaga um að einfalda gjöld vegna hundahalds og fella niður skráningargjald hunda og hvetja þannig hundaeigendur til að skrá sína hunda og þannig stuðla að betri skráningu, en eftirlitsgjald látið fylgja verðlagshækkunum.

Gert er ráð fyrir í áætluninni að framlög sveitarfélaganna verði 33,5% af rekstrargjöldum eftirlitsins og er það hækkun um 2,5% frá fyrra ári. Skýrist það af annars vegar auknum kröfum um umhverfisvöktun og hins vegar þeim áhrifum sem heimsfaraldurinn hefur haft á afkomu fyrirtækja og hagvöxt. Annar rekstrarkostnaður er greiddur af eftirlitsþegum og með sértekjum í samræmi við gjaldskrá sbr. það sem fram kemur varðandi uppbyggingu gjaldskrár.



Gert er ráð fyrir í áætluninni áframhaldandi uppbygging á tölvu- og málakerfi heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2021 og eins að hafinn verði undurbúningur að flutningi eftirlitsins á nýjan stað, en leigusamningur um nýtt húsnæði rennur út í lok næsta árs. Þá er gert ráð fyrir aukin kraftur sé lagður í umhverfisvöktun með fjölgun loftgæðastöðva í samræmi við viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi hvaða aðgerða skal grípa til að bæta loftgæði, sem samþykktar voru á árinu.

Að öðru leyti vísun við í greinargerð með fjárhagsáætluninni.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

Fjárhagsáætlun 2021			Hlutfall tekna/gjalda
Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals	
24.000.000	102.000.000	126.000.000	94,4%
0	5.000.000	5.000.000	3,7%
500.000	2.000.000	2.500.000	1,9%
24.500.000	109.000.000	133.500.000	100,0%
800.000	4.500.000	5.300.000	2,6%
13.500.000	135.000.000	148.500.000	74,0%
1.500.000	8.500.000	10.000.000	5,0%
1.000.000	8.000.000	9.000.000	4,5%
	2.000.000	2.000.000	1,0%
500.000	3.500.000	4.000.000	2,0%
100.000	900.000	1.000.000	0,5%
1.000.000	12.000.000	13.000.000	6,5%
6.000.000	2.000.000	8.000.000	4,0%
24.400.000	176.400.000	200.800.000	100,0%
100.000	-67.400.000	67.300.000	33,5%
	fjöldi íbúa 01/2020		
Hafnarfjörður	29.971	23.770.810	
Garðabær	16.924	13.422.882	
Kópavogur	37.959	30.106.308	
	84.854	67.300.000	0
		0	

Virðingarfyllst,

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis